

Sp. 87. Tillaga til þingsályktunar

um efniskaup til hafnargerðar í Ólafsfirði.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Garðar Þorsteinsson, Þóroddur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 200 þúsund krónum til kaupa á efni til hafnargerðar í Ólafsfirði.

G r e i n a r g e r ð .

Nauðsynlegt er að gera nú þegar kaup á efni til hafnargerðar í Ólafsfirði, sem nú hefur fengið útflutningsleyfi á frá Ameríku. Að öðrum kosti hljóta fyrirhugaðar framkvæmdir við hafnargerðina í Ólafsfirði að falla niður næsta sumar, en það hefði hinar skaðlegustu afleiðingar, svo sem kunnugt er. Hins vegar er ekki að svo stöddu hægt að fullnægja skilyrðum 2. gr. hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð, um tryggingar fyrir láni. Er því lagt til, að ríkið kaupi nauðsynlegt efni til bráðabirgða og selji síðar hafnarsjóði.